STJÓRNARTÍÐINDI B 13 – 1994

Nr. 76 228 11. febrúar 1994

AUGLÝSING

um fyrirmynd að gjaldskrá fyrir mengunarvarnaeftirlit sveitarfélaga.

Samin hefur verið fyrirmynd að gjaldskrá fyrir mengunarvarnaeftirlit sveitarfélaga. Í fyrirmyndinni er annars vegar að finna helstu ákvæði sem nauðsynleg eru í nefnda gjaldskrá og hins vegar leiðbeiningar um flokkun fyrirtækja eftir eðli, áhættu og umfangi. Fyrirmyndin er prentuð sem fylgiskjal og birtist með auglýsingu þessari.

Umhverfisráðuneytið, 11. febrúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Fylgiskjal.

Fyrirmynd
að gjaldskrá fyrir mengunarvarnaeftirlit sveitarfélaga.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits N.N. svæðis er sveitarstjórnum heimilt, samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit að innheimta gjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í 5 flokka eftir eðli og áhættu starfseminnar í samræmi við fylgiskjal nr. 1 með gjaldskrá þessari, sbr. og viðauka 8 og 9 í mengunarvarnareglugerð. Í fylgiskjali þessu skal ennfremur gert ráð fyrir 5 undirflokkum í hverjum flokki en þeir ákvarðast af umfangi hvers fyrirtækis.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits semur fyrir hönd svæðisnefndar lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á starfssvæðinu samkvæmt fyrrgreindu fylgiskjali. Listi um flokkun fyrirtækja samkvæmt ofangreindu skal afhentur hlutaðeigandi sveitarfélögum og skal hann endurskoðaður fyrir 1. janúar ár hvert. Fyrirtæki sem hefja rekstur fyrir 1. júlí greiða fullt eftirlitsgjald en annars hálft gjald.

Fyrirtæki sem geta fallið undir fleiri en einn flokk skulu flokkuð undir þann flokk sem mest vægi hefur.

3. gr.

Eftirlitsgjald hvers fyrirtækis er reiknað út frá grunngjaldinu X sem svæðisnefnd gerir tillögu um og viðkomandi sveitarstjórn afgreiðir í formi samþykktar sem hlýtur staðfestingu ráðherra.

Eftirlitsgjald er ávallt tiltekið margfeldi af grunngjaldi samkvæmt reglum í fylgiskjali nr. 1. Heimilt er að lækka eftirlitsgjöld vegna fyrirtækja sem hafa sérstakt innra eftirlit sem hlotið hefur samþykki heilbrigðiseftirlits.

4. gr.

Þegar gefin eru út ný starfsleyfi vegna eftirlitsskyldra fyrirtækja skal taka gjald sem nemur hálfu eftirlitsgjaldi, sbr. fylgiskjal nr. 1.

Sé um endurnýjun leyfis að ræða og/eða breytingar á rekstri eða húsakynnum, er heimilt að innheimta hálft starfsleyfisgjald. Ef framkvæmdastjóri metur breytingar smávægilegar er honum heimilt að lækka eða fella gjaldið niður.

Fyrir hvert vottorð sem heilbrigðisfulltrúi gefur út vegna eftirlits samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er heimilt að innheimta eitt grunngjald.

5. gr.

Fyrir aðra útselda vinnu sem ekki tengist reglubundnu eftirliti er heimilt að innheimta gjöld í samræmi við gjaldskrá yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins eins og hún er á hverjum tíma.

Ef verkefni eru umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku er heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra eins og um þjónustuverkefni væri að ræða.

6. gr.

Sveitarfélög innheimta eftirlitsgjöld, starfsleyfisgjöld og gjöld fyrir þjónustuverkefni á eigin ábyrgð og kostnað. Gjöld þessi skulu ganga til greiðslu á kostnaði vegna heilbrigðiseftirlits. Heimilt er að fela starfsfólki heilbrigðiseftirlitsins að innheimta gjöld fyrir vottorð og útselda vinnu, sbr. 4. og 5. gr.

7. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði N.N., sbr. 5. gr., ... mgr. 6. gr., og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. ...../..... .

Fylgiskjal 1.

Flokkun fyrirtækja eftir eðli, áhættu og umfangi.

Flokkur 1.

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	20x	40x	60x	80x	100x

Flokkur 2.

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	10x	20x	30x	40x	50x

1. Skólphreinsistöðvar
2. Annar sambærilegur rekstur

Flokkur 3.

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	10x	20x	30x	40x	50x

1. Yfirborðsmeðhöndlun á járni, stáli og öðrum málmum
2. Fiskeldisstöðvar ef framleiðsla er meiri en 100 tonn á ári og afrennsli til sjávar, eða meiri en 10 tonn og afrennsli í ferskvatn
3. Seiðaeldisstöðvar með meira en 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn
4. Ullarþvottastöðvar
5. Fituherslur
6. Gasbirgðastöðvar með meira en 100 m^3 geymslurými (STP)
7. Lifrarbræðslur
8. Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi
9. Saltvinnsla úr sjó
10. Bensínstöðvar
11. Annar sambærilegur rekstur

Flokkur 4.

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	5x	15x	25x	35x	45x

1. Seiða- og fiskeldisstöðvar aðrar en um getur í 1-3
2. Hreinlætisvöruverksmiðjur
3. Plastframleiðsla
4. Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu
5. Stálsmíði og stálskipagerð
6. Efnalaugar
7. Framköllun á ljósmyndum og kvikmyndum
8. Sláturhús
9. Reykhús
10. Mjólkurstöðvar
11. Flugvellir
12. Ryðvarnarverkstæði og smurstöðvar
13. Heitloftsþurrkun fiskafurða
14. Málmsteypur
15. Litun og bleiking
16. Bílaþvottastöðvar
17. Annar sambærilegur rekstur

Flokkur 5.

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	5x	10x	15x	20x	25x

1. Völsunar-, víra og stangaverksmiðjur
2. Nagla- og skrúfuframleiðsla
3. Vélaframleiðsla
4. Blikksmiðjur
5. Vinnsla á málmum í raftækniiðnaði, t.d. rafgeymaverksmiðjur og verkstæði
6. Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum
7. Steinsmíði
8. Steypustöðvar og steypueiningarverksmiðjur
9. Leirmunaverkstæði
10. Fyrirtæki sem geyma klórgas
11. Lakksprautun
12. Lyfja- og snyrtivöruframleiðsla
13. Átöppun og pökkun ýmissa efnasambanda
14. Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum í matvælaiðnaði
15. Fóðurstöðvar
16. Fóðurblöndun
17. Gúmmívinnsla
18. Trésmíðaverkstæði
19. Sögunarmyllur
20. Fúavörn á timbri
21. Framleiðsla á spónaplötum og þess háttar
22. Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla
23. Leðurvinnsla
24. Vefnaðar- og spunaverksmiðjur
25. Kjötvinnsla
26. Niðursuðuverksmiðjur
27. Vinnsla fisks og annarra sjávarafurða
28. Framleiðsla tilbúinna rétta
29. Framleiðsla mjólkurdufts
30. Öl-, gos- og svaladrykkjagerðir
31. Kaffibrennsla
32. Smjörlíkisgerðir
33. Kartöfluvinnsla
34. Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju
35. Lauksteikingarverksmiðjur
36. Mörbræðsla og tólgarframleiðsla
37. Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni
38. Kæli- og frystigeymslur
39. Minkabú
40. Refabú
41. Hænsna- og kjúklingabú

42. Svínabú
43. Kanínurækt og kanínuhald
44. Hestahald
45. Dýraspítalar
46. Hunda- og kattageymslur
47. Gæludýraverslanir
48. Kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir
49. Bifreiða- og vélaverkstæði
50. Smurstöðvar
51. Vöruflutningamiðstöðvar
52. Biðstöðvar leigubifreiða
53. Bið- og endastöðvar strætisvagna
54. Stórar spennistöðvar
55. Stórar vörugeymslur
56. Líkbrennslur
57. Skotvellir
58. Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús o.þ.h.
59. Æfingasvæði slökkviliðs
60. Þvottahús
61. Gámastaðir, gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni
62. Endurvinnsla úrgangs
63. Gasbirgðastöðvar
64. Annar sambærilegur rekstur

Nr. 77 14. febrúar 1994

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 453/1988.

1. gr.

E-liður 52. gr. samþykktarinnar fellur brott.

2. gr.

62. gr. samþykktarinnar hljóðar svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrír aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Hafnarstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
3. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
4. *Skrifarar.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
5. *Kjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
6. *Stjórn veitustofnana.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Veitustofnun fer með. málefni hitaveitu og vatnsveitu. Veitustofnun er ætlað að sjá um rafveitu og virkjanir ef